

Priðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 13/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Davíðs Jónssonar**

gegn

Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur og um rétt meistara til þess að vinna með sveinum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Davíðs Jónssonar, múrarameistara, Grettisgötu 33 B hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir.

Hinn 30. júní 1938 (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.) ... Davíð Jónsson 19. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)
2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til skaðabóta úr hendi stefnda, en undir rekstri málsins var fallið frá þeirri kröfu. Sömuleiðis krafðist hann í stefnu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir að hafa rofið umræddan samning, en við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður hans frá þeirri kröfu, með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Loks hefir hann krafizt málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Vegna framkomu Sveinafélags múrara eftir að dómur féll hér í rétti 13. okt. f. á. í máli Jóns Eiríkssonar, og sem nánar er lýst í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939, hafði stefnandi máls þessa aukna ástæðu til þess að fá með dómi skoríð úr um gildi samnings síns gagnvart sveinafélaginu, enda þótt hann hefði ekki uppi skaðabótakröfu á hendur því,

og þykir því, m. a. af þeirri ástæðu, rétt að dæma honum málskostnað úr hendi stefnda, er ákveðst kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 19. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Davíð Jónssyni, er heimilt að vinna sjálf-um við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.

Stefndi, Sveinafélag múrara, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Davíðs Jónssonar, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 18/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Guðm. St. Gíslasonar**
 gegn
Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur og um rétt meistara til þess að vinna með sveinum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Guðm. St. Gíslasonar, múrarameistara, Reynimel 31 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939, uppkveðinn 21. maí 1940 bls. 53.) ... Guðm. St. Gíslason 18. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)
2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939).